

**BHM-1 Sviðsstjóri 2 – velferð/menntamál (838 stig)**

**Stéttarfélag lögfræðinga, Þroskaþjálfafélag Íslands og Sálfræðingafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður sé með meistaragráðu á háskólastigi auk verulega umfangsmikillar reynslu af stjórnun og rekstri og/eða viðbótarnáms í stjórnun og rekstri. Starfið felur í sér yfirumsjón með sviði og yfirgripsmikla ábyrgð á fjármunum, mikil mannaforráð og yfirábyrgð á skipulagningu og stefnumótun umfangsmikillar velferðarþjónustu sveitarfélags.

**BHM-2 Sviðsstjóri 2 – stjórnsýsla/fjármál/framkvæmdamál (838 stig)**

**Stéttarfélag lögfræðinga**

Gerð er krafa um að starfsmaður sé með meistaragráðu á háskólastigi auk verulega umfangsmikillar reynslu af stjórnun og rekstri og/eða viðbótarnáms í stjórnun og rekstri. Starfið felur í sér yfirumsjón með sviði og yfirgripsmikla ábyrgð á fjármunum, mikil mannaforráð og gríðarlega mikla beina ábyrgð á eignum, búnaði og upplýsingum ásamt stefnumótun sem nær til viðtækrar starfsemi sveitarfélags.

**BHM-3 Sviðsstjóri 1 – velferðar, skóla, menningar og/eða æskulýðsmál (799 sig)**

**Stéttarfélag lögfræðinga og Fræðagarður**

Gerð er krafa um meistaragráðu á háskólastigi auk verulega umfangsmikillar reynslu af stjórnun og rekstri. Starfið gerir kröfu um viðtæka þekkingu og reynslu á því sviði sem starfsmaður starfar á. Starfsmaður hefur yfirumsjón með sínu sviði sem felur í sér mikla ábyrgð á fjármunum, mannaforráð og yfirábyrgð á skipulagningu umfangsmikilla þjónustu ásamt stefnumótun sem hefur áhrif á velferð einstaklinga og/eða hópa.

**BHM-4 Sviðsstjóri 1 – Umhverfis og/eða skipulagsmál (799 stig)**

**Fræðagarður, Félag íslenskra félagsvísindamanna og Stéttarfélag lögfræðinga**

Gerð er krafa um að starfsmaður sé með meistaragráðu á háskólastigi auk verulega umfangsmikillar reynslu af stjórnun og rekstri. Starfið gerir kröfu um viðtæka þekkingu á og reynslu af umhverfis og/eða skipulagsmálum. Starfsmaður hefur yfirumsjón með sviði og felur það í sér mikla ábyrgð á fjármunum, mannaforráð og yfirábyrgð á skipulagningu umhverfis og/eða skipulagsmálum í sveitarfélagi sem og ábyrgð á stefnumótun í málaflökknum.

**BHM-4 Sviðsstjóri 1 – Stjórnsýslumál (799 stig)**

**Fræðagarður, Félag íslenskra félagsvísindamanna og Stéttarfélag lögfræðinga**

Gerð er krafa um að starfsmaður sé með meistaragráðu á háskólastigi auk verulega umfangsmikillar reynslu af stjórnun og rekstri. Starfið gerir kröfu um viðtæka þekkingu á og reynslu af stjórnsýslu sveitarfélaga. Starfsmaður hefur yfirumsjón með sviði og felur það í sér mikla ábyrgð á fjármunum, mannaforráð og yfirábyrgð á stjórnsýslumálum í sveitarfélagi sem og ábyrgð á stefnumótun í málaflökknum.

**BHM-41 Verkefnastjóri 3 – fjármál og/eða stjórnsýsla (625 stig)**

**Fræðagarður, Stéttarfélag Lögfræðinga**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun á fjármálasviði eða annað sambærilegt nám sem nýtist í starfi auk viðtækrar reynslu af rekstri. Starfið felur í sér verkefni sem tengjast, fjármálum, rekstri og/eða málefnum tengdum stjórnsýslu. Starfsmaður veitir ráðgjöf og leiðsögn í tengslum við stefnu og markmið stofnunar/ sveitarfélags um fjárhagslega hagsmuni. Starfið felur í sér meðhöndlun og úrvinnslu umfangsmikilla skráa.

**BHM-63 Deildarstjóri þjónustu – frístund barna/unglinga (601 stig)**

**Fræðagarður og Stéttarfélag lögfræðinga**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun á sviði uppeldis-, tómstundafræða eða aðra háskólamenntun sem nýtist í starfi. Starfsmaður er með mannaforráð og ber ábyrgð á daglegri verkstjórn frístundaheimilis/félagsmiðstöðvar og skipulagningu á frístundastarfi barna og/eða unglunga. Það er í höndum starfsmannsins að skipuleggja og móta frístunda-eða félagsstarfið. Starfið felur í sér talsverða verkstjórn, leiðsögn, samræmingu og þjálfun annarra starfsmanna. Starfið felur einnig í sér þátttöku í stefnumótun er varðar málaflökkinn.

**BHM-64 Skjalastjóri (599 stig)**

**Fræðagarður, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga og Stéttarfélag lögfræðinga**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun á sviði bókasafns- og upplýsingafræða og þekkingu á skjalastýringu og skjalavistunarkerfum. Starfið felur í sér viðvarandi verkefnastjórnun, umsjón með faglegri vinnu við söfnun, móttöku, skráningu og varðveislu skjala og miðlægru og samræmdri skjalastýringu. Starfið felur í sér umsjón með skjalakerfi og skjalavistunaráætlun sveitarfélagsins. Það er hlutverk starfsmanns að leiðbeina stjórnendum og starfsmönnum á sviði skjalavistunar.

**BHM-71 Verkefnastjóri – lögfræðingur (622 stig)**

**Stéttarfélag lögfræðinga**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi embættispróf í lögfræði. Starfið felur í sér ábyrgð á verkefnum sem tengjast lögfræðilegum álitaefnum, s.s. greinargerðum, lögum og reglugerðum, umsögnum, skjalagerð o.fl. Starfsmaður þarf að hafa mikla færni í ráðgjöf, leiðsögn og samningagerð. Formlegur málflutningur getur verið mikilvægur þáttur í starfi. Starfinu fylgir ábyrgð á velferð fólks vegna hlutverks starfsmanns við eftirlit með lögum og reglum.

**BHM-83 Verkefnastjóri með sérþeka ábyrgð – lögfræðingur 1 (632 stig)**

**Stéttarfélag lögfræðinga**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi embættispróf í lögfræði. Einnig getur verið gerð krafa um málflutningsréttindi. Starfið felur í sér greiningar- og heimildavinnu, mat/túlkun á gögnum og úrlausn krefjandi lögfræðilegra verkefna. Einnig felur starfið í sér námskeiðahald og ráðgjöf til annarra starfsmanna sveitarfélags.

**BHM-84 Verkefnastjóri með sérþeka ábyrgð – lögfræðingur 2 (694 stig)**

**Stéttarfélag lögfræðinga**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi embættispróf í lögfræði og málflutningsréttindi. Starfið felur í sér lögfræðilegar leiðbeiningar og ráðgjöf, undirbúning mála, ásamt málaflutningi viðkomandi sviðs fyrir dómi. Starfsmaður hefur aðkomu að stefnumótun og hefur eftirlit með framfylgni laga og reglugerða sem fjalla um heilsu, öryggi eða velferð almennings. Starfinu fylgir stundum mjög mikið tilfinningalegt álag.